

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í Grindavíkurbæ.

1. gr.

Grindavíkurbær innheimtir gjald fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari, sbr. II. kafla samþykktar um fráveitur í Grindavíkurbæ nr. 140/2015.

2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera eftirfarandi:

Einbýlis-, par- og raðhús	á hverja íbúð	169.033 kr.
Fjölbýlishús	á hverja íbúð	50.710 kr.
Annað húsnæði	hver tenging	185.936 kr.

Gjöld þessi taka breytingum miðað við byggingarvísitölu í maí 2015 sem þá var 123,2.

3. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum.

Fráveitugjald skal nema sem hér segir:

- a. Fasteignir skv. a-lið 3. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga: 0,100% af álagningarstofni.
- b. Fasteignir skv. b-lið 3. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga: 0,250% af álagningarstofni.
- c. Fasteignir skv. c-lið 3. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga: 0,075% af álagningarstofni.

Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

4. gr.

Árlegt rotþróargjald skal vera 20.000 kr. Gjald dagar rotþróargjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseignum þar sem um óvenju mikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu eða þegar um sérstaka rotþró við útihús er að ræða. Gjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

5. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari greiðist af skráðum eiganda fasteignar og ber hann ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjöldin má taka lögtaki í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðsréttar með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

6. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af bæjarstjórn Grindavíkurbæjar þann 28. nóvember 2017 og sett með vísan til 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009, með síðari breytingum og

Nr. 1099

4. desember 2017

25. gr laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og á grunni samþykktar um fráveitur í Grindavíkurbæ nr. 140/2015.

Gjaldskráin öðlast gildi 1. janúar 2018. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 565/2015.

F.h. bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar, 4. desember 2017,

Jón Þórisson,
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

B-deild – Útgáfud.: 18. desember 2017